

Atvinnuvega- og nýsköpunarráðuneytið  
Skúlagötu 4  
101 Reykjavík

Reykjavík, 30. september 2015

**Efni: umsögn um drög að frumvarpi til laga um breytingu á lögum nr. 3/2006, um ársreikninga (innleiðing ársreikningatilskipunar 2013/34/ESB).**

Drög að frumvarpi voru birt á heimasíðu atvinnu- og nýsköpunarráðuneytisins þann 16. september 2015 til umsagnar. Félag atvinnurekenda (FA) fagnar því samráði sem ráðuneytið hafði við haghafa við vinnu og gerð frumvarpsins og telur kynningarfund um efni frumvarpsins sérstaklega til eftirbreytni.

FA fagnar því að ráðist sé í einföldun regluverks um ársreikninga enda mikið hagsmunamál fyrir fyrirtækin í landinu. Nýjar reglur um örfélög munu auðvelda minni félögum reksturinn enda hefur kostnaður vegna endurskoðunar og reikningsskila verið stór hluti útgjalda þeirra.

Heimild til skila á samandregnum reikningum

Samkvæmt frumvarpinu verður felld niður heimild félaga innan tiltekinna stærðarmarka til að skila samandregnum reikningum, sbr. 2. mgr. 109. gr.

Hvað varðar niðurfellingu þessarar heimildar minni félaga til skila á samandregnum reikningi er vísað til þess að tilteknum félögum, þ.e. örfélögum, verði nú heimilt að skila inn yfirliti yfir rekstrarreikning og efnahagsreikning byggðum á skattframtali félagsins. Ekki þurfi að skila inn skýringum, skýrslu stjórnar, sjóðstreymi og staðfestingu skoðunarmanns. FA vekur athygli á því að þau félög sem gátu nýtt sér heimild 2. mgr. 109. gr. til þess að skila samandregnum ársreikningi falla ekki öll undir skilgreiningu örfélags og geta því ekki nýtt sér þá heimild til skila sem örfélög fá samkvæmt nýrri 7. mgr. 3. gr. Mikilvægt er að fyrirtæki sé heimilt að skila inn samandregnum ársreikningi m.a. með vísan til samkeppnissjónarmiða, sérstaklega þegar um minna fyrirtæki er að ræða sem jafnvel starfar á tiltölulega litlum markaði. Það að samkeppnisaðili geti rýnt í rekstur félags getur haft í för með sér gífurlegt tjón fyrir félagið. Með hliðsjón af framangreindu leggur FA til að nefnd heimild skv. núgildandi

2. mgr. 109. gr. laganna verði ekki felld úr lögnum. Þá verði stærðarmörk heimildarinnar færð til samræmis við EES-rétt.<sup>1</sup>

### Skylda til kosningar endurskoðanda/endurskoðunarfyrirtækis

Stærðarmörk skv. 1. mgr. 98. gr. haldast óbreytt verði frumvarpið að lögum, þ.e. hvenær félagi er skylt að kjósa sér endurskoðanda/endurskoðunarfyrirtæki.

FA fellst ekki á að ekki sé ástæða til að endurskoða stærðarmörk 1. mgr. 98. gr. Þvert á móti er full ástæða til þess. Stærðarmörk innan EES hafa hækkað reglulega síðustu ár og er mikilvægt að stærðarmörk hér á landi haldi í við þá þróun. Samkvæmt 34. gr. tilskipunarinnar skulu aðildarríkin tryggja að ársreikningar meðalstórra, stórra félaga og eininga tengdra almannahagsmunum séu endurskoðaðir. Verði stærðarmörkin óbreytt verður gengið lengra hér á landi og lítil félög gerð skyldug til að kjósa sér endurskoðanda. FA leggur áherslu á að kostnaður vegna endurskoðunar er jafnan stór kostnaðarliður fyrir fyrirtæki á hverju ári. Það að einungis 3-4% félaga séu yfir núverandi stærðarmörkum réttlætir ekki að slík kvöð sé lögð á lítil fyrirtæki umfram skyldu samkvæmt EES-rétti. Þá ber að benda á að þrátt fyrir að stærðarmörk hækki hafa fyrirtæki eftir sem áður val um að setja sér strangari kröfur, t.d. vegna kröfu fjármálafyrirtækja eða birgja.

### Viðurlög

Töluverð breyting er gerð á ákvæðum laganna um stjórnvaldssektir. Heimild ársreikningaskrár til beitingu stjórnvaldssekta er skipt út fyrir skyldu. Þannig ber ársreikningaskrá að leggja 600.000 kr. sekt á félag sem vanrækt hefur skyldu til að skila ársreikningi eða samstæðureikningi sem og ef reikningarnir uppfylla ekki ákvæði laganna. Afsláttur fæst af sektinni ef greitt er innan tiltekins tíma. Sú breyting er einnig gerð að ákvarðanir ársreikningaskrár eru ekki kærarlegar til æðra stjórnvalds.

FA telur nauðsynlegt að gera ráð fyrir þeim möguleika að ársreikningi sé ekki skilað vegna mistaka, t.d. við sendingu til ársreikningaskrár. Í slíkum tilvikum er hvorki um ásetning eða gáleysi að ræða og því ótækt er að fyrirtæki þurfi að greiða sekt vegna þess. Hafa verður í huga að stjórnvaldssektir eru afar íþyngjandi og ber að hafa meðalhófsregluna að leiðarljósi við setningu lagaákvæða um beitingu slíkra

<sup>1</sup> Sjá nánar <http://www.atvinnurekendur.is/birting-arsreikninga/>

sekta. Með hliðsjón af framangreindu sem og að ákvörðunin verður ekki kæránleg til æðra stjórnvalds  
leggur FA til að heimilt verði að fella niður sektina við tiltekna aðstæður.

Virðingarfyllt,

Félag atvinnurekenda

Inga Skarphéðinsdóttir

Inga Skarphéðinsdóttir, lögfræðingur FA